

Laugardaginn 22. júní 1929.

Nr. 88/1927. **Runólfur Jónsson** (Guðmundur Ólafsson)
 gegn

**Eliasi Steinssyni, Sighvati Andrés-
 syni og Einari Einarssyni** (Enginn).

Sýknudómur.

Dómur aukaréttar Rangárvallasýslu 30. dezbr. 1926: Stefndu eiga að vera sýknir af kærur og kröfum stefnandans, Runólfs Jónssonar, í máli þessu og greiði hann stefndu í málskostnað 60 krónur, sem lúkist innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri laga aðför.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstaréttar með stefnu, dags. 19. okt. 1927, að fengnu áfrýjunarleyfi, útgefnu 26. sept. s. á., og hefir áfrýjandi hinn 21. jan. f. á. fengið gjafsókn og skipaðan málflutningsmann.

Hinir stefndu hafa mætt við fyrstu fyrirtekt málsins 30. marz f. á., svo og við síðari fyrirtektir þess, en er málið skyldi flutt fyrir réttinum í fyrra mánuði, létu stefndu eigi mæta, og hefir málið því verið rekið skriflega, og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Eftir að dómur gekk í héraði, hefir áfrýjandi leitt vitni og aflað nýrra skjala, er lögð hafa verið fram í hæstarétti, en með því að gögn þessi leiða ekki til annarar niðurstöðu en komið er að í hinum áfrýjaða dómi, sem ekkert verulegt er athugavert við, ber að staðfesta hann.

Kaup hins skipaða málflutningsmanns áfrýjanda, 100 kr., greiðist úr ríkissjóði, en að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Á flutningi máls þessa hér í réttinum, hefir orðið

mikill dráttur, en fyrir honum hefir hinn skipaði málflutningsmaður áfrýjanda, eftir atvikum, gjört viðunandi grein.

Það er aðfinnsluvert, að liðið hafa 16 vikur frá dómtöku til dómsuppsagnar, án þess að héraðsdómarinn hafi gjört nægilega grein fyrir þeim drætti.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Kaup hins skipaða málflutningsmanns áfrýjanda, hrm. Guðmundar Ólafssonar, 100 kr., greiðist úr ríkissjóði, en að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Tildrög málsins eru eftir því, sem stefnandanum Runólfi Jónssyni að Berjanesi í Vestur-Landeyjum segist frá og stefndu, þeir: Elías Steinsson bóndi í Oddhól, Sighvatur Andrésson bóndi Ártúnum og Einar Einarsson bóndi í Vestri-Tungu, hafa eigi vefengt, að þeir Elías og Sighvatur, sem eigendur jarðarinnar Sperðils í Landeyjum, byggðu stefnanda jörð þessa með bréfi, dags., 9. maí 1923. — Með sama bréfi var stefnanda áskilinn kaupréttur að jörðinni fyrir 6000 krónur og skyldi sá kaupréttur standa til sumarmála 1924. — Með bréfi sömu manna, dags., 22. nóv. 1924, er þeir létu birta stefnanda, var stefnanda sem ábúanda Sperðilsins boðin jörðin til kaups fyrir 8800 krónur eða það verð, er eigendurnir töldu sig þá geta selt jörðina öðrum, en ef stefnandi hafnaði boðinu, skyldi hann víkja af jörðinni í næstkomandi fardögum, allt samkvæmt áður nefndu byggingarbréfi. — Kveðst stefnandi þegar við útbyggingu hafa boðizt til að kaupa jörðina á 6000 kr., en því boði verið hafnað. — Með úrskurði fógeta 9. jún. 1925 kveðst stefnandi svo hafa verið borinn út af jörðinni. Hefir stefnandi haldið því fram í kærnum sínum til sáttanefndar, dags., 19. nóv. 1925, að hann þá *núlega* hafi verið búinn að fá fulla vissu um, að

22. nóv. 1924 í það skiftið, er honum var boðinn forkaupsréttur að Sperðli fyrir 8800 kr., hafi jörð þessi í rauninni verið seld meðstefndum Einari Einarssyni eldra í Vestri-Tungu fyrir 6000 krónur eða nákvæmlega sama verð og hann við útbyggingu segist hafa boðizt til að kaupa jörðina fyrir. Kvaðst hann mundi reyna að sanna þetta með vitnum. — Málið hefir verið lagt til sátta, en sáttatilraun reyndist árangurslaus. — Samkvæmt ofan- og framanrituðum forsendum hefir stefnandi gjört þær réttarkröfur:

Að sala stefndu, þeirra Elíasar Steinssonar og Sighvatar Andréssonar, á jörðinni Sperðli til Einars Einarssonar, verði metin ógild gagnvart stefnanda og honum dæmdur réttur til að kaupa jörðina fyrir 6000 krónur eða því verði, sem Einar Einarsson raunverulega hafi keypt jörðina fyrir.

Að stefndu allir in solidum eða til vara einn eða tveir þeirra verði dæmdir til að greiða sér bætur fyrir allt það tjón, er hann hefir beðið af þessari sölu og þar af leiðandi útburði af jörðinni.

Loks, að stefndu verði á sama hátt dæmdir til að greiða sér allan málskostnað að skaðlausu eða eftir réttarins mati. Umboðsmaður stefndu mótmælti þegar í fyrsta réttarhaldi kröfum stefnanda og hélt því fram, að hið raunverulega verð hefði verið kr. 8800.00, svo sem afsalsbréf þeirra Elíasar Steinssonar og Sighvatar Andréssonar til Einars Einarssonar fyrir jörðinni Sperðli, dags. 18. maí 1925, sýnt við útburð á stefnanda 9. júní og þinglesið þann 26. s. m. að Forsæti í Vestur-Landeyjum —, segir fullum stöfum. Samkvæmt því hafa stefndu krafizt algjörðrar sýknunar af kröfum stefnanda og sér til-dæmdan málskostnað eftir réttarins mati.

Hinsvegar hefir stefnandi með vitnum reynt að sanna fullyrðingar sínar, um að hið raunverulega söluverð jarðarinnar til Einars Einarssonar hafi verið 6000 krónur og að salan hafi verið um garð gengin, þegar honum með útbyggingunni 22. nóv. var boðið að kaupa jörðina fyrir kr. 8800.00. — Hefir hann látið leiða 5 vitni alls. 4 af þeim gátu ekkert um málið borið, en 5. vitnið hálfminnti að Sighvatur Andrésson hefði einhvern tíma sagt því, að hann væri búinn að selja Sperðilinn fyrir 6000 krónur, og, að Einar Einarsson hefði í október 1924 svarað spurningum sínum um það, hvort hann væri búinn að fá afsal fyrir Sperðli, á þá leið, að hann væri búinn að fá það að nokkru leyti. En bæði er það, að það, sem vitnið

hefir eftir málsaðiljum í fyrtéðu efni, er mjög óákveðið og teygjanlegt, og í öðru lagi, að vitnið er aðeins eitt til frásagnar um það, sem það hefir borið, þá verður að líta svo á, að stefnanda hafi ekki tekizt að afsanna það, að hið raunverulega söluverð Sperðilsins hafi verið kr. 8800.00, eins og af stefndu er haldið fram. — Ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu, en dæma stefnanda til að greiða stefndu málskostnað, er álitst hæfilega metinn 60 kr. — Með tilliti til þess, að dómarrinn hefir frá upptöku málsins til dóms verið önnum kafinn við sífellt vaxandi embættisstörf, vottast, að rekstur málsins hefir verið víðalaus.

Mánudaginn 30. sept. 1929.

Nr. 30/1929.

Einar M. Jónasson (Sjálfur)

gegn

fjármálaráðherra, f. h. rikissjóðs, Jóhannesi Jóhannessyni fyrirv. bæjarfógeta og Birni Þórðarson lögmanni.

Áfrýjandi sóttur um vangreiddar rikissjóðstekjur úr Barðastrandarsýslu.

Úrskurður gestaréttar Reykjavíkur 31. okt. 1928:
Hin framkomna frávisunarkrafa verður ekki tekin til greina.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu, útgefni 1. þ. m. og með skirskotun til skuldbindingar stefnds við löghaldsgjörð 20. marz þ. á. og veðskuldabréfum hans, dags. 17. dezbr. f. á. og 20. marz þ. á., af fjármálaráðherra Magnúsi J. Kristjánssyni, f. h. rikissjóðs, gegn fyrirv. sýslumanni í Barðastrandarsýslu, Einari M. Jónassyni, til heimilis á Patreksfirði, til greiðslu á vangoldnum rikissjóðstekjum og fé tilheyrandi dánarbúi Jóns sál. Þorsteinssonar frá Bildudal, að upphæð samtals, kr. 74629.57 með 5 % ársvöxtum frá 20. marz þ. á. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati rétt-